

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 08.45.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi starfsfólks
Hjörleifur Einarsson fulltrúi starfsfólks
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýja fulltrúa í háskólaráði, Birnu Maríu, Hjörleif og Svein. Kynnti hann dagskrá.

1. Tilnefning tveggja fulltrúa í háskólaráð 2010-2012

1009001

Rektor gerði grein fyrir hlutverki háskólaráðs, og hvernig háskólaráð er skipað skv. lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingu. Háskólaráð skal velja tvo fulltrúa í ráðið og einn til vara.

Rektor gerði að tillögu sinni að háskólaráð tilnefndi fulltrúa úr hópi eftirtalinna: Páll Skúlason prófessor, Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, Helga Hlín Hákonardóttir framkvæmdastjóri og Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri. Jafnframt lýsti hann eftir öðrum tillögum.

Fram komu nöfn eftirtalinna einstaklinga: Ágúst Torfa Haukssonar verkfræðings, Laufeyjar Petreu Magnúsdóttur skólameistara, Aðalsteins Baldurssonar formanns Verkalýðsfélagsins Framsýnar og Margrétar Þorsteinsdóttur hjúkrunarfræðings.

Umræðu urðu um tillögurnar. Voru fundarmenn sammála um að góð þekking á málefnum háskóla og innsýn í starfsemi Háskólans á Akureyri væru mjög ákjósanlegir eiginleikar á þeim erfiða tíma sem nú ríkir í íslensku samfélagi í kjölfar efnahagshrunsins. Einnig væri mikilvægt að háskólaráð hefði frumkvæði að því að skapa skilyrði fyrir framtíðarstarf háskólans. Rektor benti á að gæta þyrfti sjónarmiða kynjajafnréttis við val á fulltrúum í háskólaráð.

Niðurstaða fundarins var að óska eftir við Pál Skúlason og Svanfríði Ingu að þau tækju sæti í háskólaráðinu. Jafnframt var rektori falið að skipa varamann þeirra, Helgu Hlín eða Jónu.

2. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn föstudaginn 17. desember. Á þeim fundi verða ákveðnir fundartímar háskólaráðs á vormisseri.

Ákveðið var að háskólaráðsfulltrúar sem ekki eru innan tölvukerfis háskólans, og hafa ekki aðgang að GoPro skjalavistunarkerfinu, fái fundargögn send tímanlega í tölvupósti. Það gildir þangað til samið hefur verið upp á nýtt við þekkingu um lesaðgang að kerfinu á borð við þann sem háskólaráð hefur haft.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.40.